



Nefkirtlataka

Þó að nefkirtlarnir séu í rauninni einn samvaxinn massi, er alltaf talað um þá í fleirtölu. Þeir sitja í nefkokinu fyrir ofan og aftan mjúka góminn og eru svipaðrar gerðar og hálskirtlarnir. Öll börn hafa nefkirtla, en misstóra. Frá sjö eða átta ára aldri minnka þeir smám saman og hverfa venjulega um kynþroskaaldur. Stundum getur þurft að taka nefkirtlana úr börnum. Séu nefkirtlarnir teknir á unga aldri, getur verið að þeir vaxi aftur. Aðgerðin tekur oftast stuttan tíma og er gerð í svæfingu.

Helstu ástæður aðgerðar eru:

Stórir kirtlar, sem valda öndunarörðugleikum á nóttunni með hrotum og jafnvel kæfisvefni.

Stórir kirtlar, sem loka fyrir kokhlustir og valda sýkingu eða vökvasöfnun í miðeyrum.

Stórir kirtlar, sem valda stöðugu horrennsli þrátt fyrir sýklalyfjameðferð.

Eftir aðgerðina

Þegar barnið er komið inn á vöknun má foreldri vera hjá því. Barnið er látið jafna sig þar í 1-2 klst áður en það má fara heim. Misjafnt er hvað börn sofa lengi eftir aðgerðina, sum vakna strax en önnur sofa lengur. Þau börn sem vakna strax geta orðið óróleg, það er vegna áhrifa af svæfingalyfjum sem gefin voru í aðgerðinni en oftast ekki vegna verkja.

Sett er plastnál í æð barnsins í aðgerðinni sem hægt er að gefa ógleði og verkjalyf í ef þarf. Hún er svo fjarlægð áður en barnið fer heim.

Barnið má drekka þegar það er vel vaknað eftir aðgerðina og borða ef það hefur lyst. Ekki er óeðlilegt að sum börn fái ógleði.

Oft rennur talsvert blóðlitað slím úr nefi fyrst eftir aðgerðina. Það er ekkert óeðlilegt. En hafa skal samband við slysideild ef blæðing er mikil og hættir ekki.

Heppilegt er að barnið fái mjúkan mat aðgerðardaginn, en sitt venjulega fæði eftir það.

Halda þarf barninu heima í 1-3 daga eftir aðgerð, eftir fyrir mælum læknis.

Hitaslæðingur allt að 38°C er ekki óeðlilegur í einn til tvo daga eftir aðgerð. Hafið samband við lækni ef hann hverfur ekki eða fer hækkandi.

Upplýsingar má fá hjá Vöknun í síma **463 0118** milli kl. 08:00-16:00.

Sími slysideildar er 463 0803

Símatími

Símatíma hjá aðgerðarlækni má panta hjá ritara HNE-deildar **463 0111** milli kl. 13:00-14:00

Gangi þér vel